

Miðvikudaginn 11. janúar 1995.

Nr. 12/1995.

**Íslensk matvælaframleiðsla hf.**

gegn

**Gjaldheimtunni í Reykjavík**

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Aðfinnslur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut þessu máli til Hæstaréttar með kæru 19. desember 1994, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 9. janúar sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 30. nóvember 1994, en með honum var bú sóknaraðila tekið til gjaldþrotaskipta samkvæmt kröfu varnaraðila. Kæruheimild er í 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, og málskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Það athugast, að eins og fram kemur í hinum kærða úrskurði, var krafa varnaraðila um, að bú sóknaraðila yrði tekið til gjaldþrotaskipta, tekin til úrskurðar á dómþingi 30. mars 1994, en úrskurðurinn var ekki kveðinn upp fyrr en 30. nóvember sama ár. Þessi stórfelldi dráttur á málsmeðferð er vítaverður.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

### **Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 30. nóvember 1994.**

Mál þetta var tekið til úrskurðar 30. mars sl.

Með bréfi, sem barst Héraðsdómi Reykjavíkur 12. janúar 1994, hefur Gjaldheimtan í Reykjavík, kt. 570169-0849, Tryggvagötu 28, Reykjavík,

krafið þess, að bú Íslenskrar matvælaframleiðslu hf., kt. 431189-5509, Snorrabraut 56, Reykjavík, verði tekið til gjaldþrotaskipta.

Skiptabeiðandi kveðst eiga kröfu á hendur skuldara vegna vangreiddra opinberra gjalda. Í kröfunni er höfuðstóll skuldarinnar ásamt vöxtum og kostnaði tilgreindur 695.521 kr. Gert hafi verið árangurslaust fjárnám hjá skuldara 15. desember 1993. Um lagastoð fyrir kröfu sinni vísi skiptabeiðandi til 1. t. l. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991.

Við þingfestingu málsins 2. mars sl. sótti stjórnarformaður félagsins, sem er löglærður, þing f. h. félagsins. Að ósk hans var málinu þá frestað til 30. mars sl. Við fyrirtöku málsins þann dag sótti stjórnarformaðurinn einnig þing f. h. félagsins og óskaði eftir fresti til að leggja fram dómkröfur og greinargerð til að útskýra beiðnina, enda teldi hann málið vanreifað af hálfu skiptabeiðanda og hefði ekki við rök að styðjast.

Taldi dómari beiðni þessa of seint fram komna. Hana hefði borið að setja fram við þingfestingu málsins. Lögmaður skiptabeiðanda krafðist þess, að málið yrði lagt í úrskurð, og var málið tekið til úrskurðar sama dag.

XI. kafli laga nr. 21/1991 fjallar um upphaf gjaldþrotaskipta. Í 3. mgr. 70. gr. laganna kemur fram, að ef skuldari sæki þing og lánardrottinn, sem krefst gjaldþrotaskipta á búi hans, megi héraðsdómari verða við sameiginlegri ósk þeirra um að fresta meðferð kröfunnar, þótt mótmæli hafi ekki komið fram gegn henni. Slíka fresti megi ekki veita til lengri tíma en samtals eins mánaðar. Í 4. mgr. 70. gr. sömu laga segir, að ef skuldari sæki þing og mótmæli kröfu lánardrottins um, að bú sitt verði tekið til gjaldþrotaskipta, skuli farið með hana eftir ákvæðum 168. gr. laganna.

Svo sem að framan greinir, var sótt þing af hálfu skuldara við þingfestingu málsins, án þess að mótmæli kæmu fram, og að ósk talsmanns hans var málinu að svo búnu frestað í fjórar vikur. Var það ekki fyrr en í síðara þinghaldinu, sem fram kom ósk frá talsmanni skuldara um frest til framlagningar dómkraftna og greinargerðar. Verður að skilja bókun talsmanns skuldara sem mótmæli við kröfu skiptabeiðanda. Sem fyrr greinir, hafnaði dómari ósk talsmannsins, enda taldi hann hana of seint fram komna. Skilja verður tilvitnuð lagaákvæði svo, að koma verði fram með mótmæli við kröfu lánardrottins þegar við þingfestingu máls, og því hafi þau verið of seint fram komin við síðara þinghald. Er enda ekki að finna ráðagerðir um hið gagnstæða í lögnum eða tiltækum lögskýringargögnum. Með vísan til framanritaðs ber að taka kröfu skiptabeiðanda til greina, enda er fullnægt skilyrði um 1. t. l. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991 til að verða við kröfu skiptabeiðanda. Er bú skuldara því tekið til gjaldþrotaskipta.

Júlíus B. Georgsson dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

## Úrskurðarorð:

Bú Íslenskrar matvælaframleiðslu hf. er tekið til gjaldþrotaskipta.

---